



# Læknir á sviði sóttvarna

Embætti landlæknis óskar eftir að ráða lækni til starfa á sviði sóttvarna. Um er að ræða fullt starf en möguleiki er á hlutastarfi. Í boði er áhugavert og krefjandi starf þar sem reynir á almenna þekkingu í læknisfræði, samskiptahæfni og fagmennsku.

## Helstu verkefni

- Vinna að sóttvörnum eins og skilgreint er í sóttvarnalögum nr. 19/1997.
- Samskipti við helstu aðila innanlands og erlendis um sóttvarnir.
- Önnur verkefni að beiðni sóttvarnalæknis.

## Kröfur um þekkingu og hæfni

- Sérfræðimenntun í smitsjúkdómum eða reynsla í smitsjúkdómum og/ eða faraldsfræði æskileg.
- Góð færni í að rita íslensku og ensku æskileg.
- Almenn tölvukunnátta.
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni.
- Starfsreynsla á sviði stjórnsýslu er kostur.

Næsti yfirmaður er sóttvarnalæknir en viðkomandi mun vinna í nánu samstarfi við teymi sérfræðinga í samræmi við lögbundna starfsemi sóttvarnalæknis.

Umsókn með ítarlegri ferilskrá þar sem fram kemur ástæða umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið sendist til Embættis landlæknis, á netfangið [thorolfur@landlaeknir.is](mailto:thorolfur@landlaeknir.is).

Frekari upplýsingar um starfið veitir Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir, netfang: [thorolfur@landlaeknir.is](mailto:thorolfur@landlaeknir.is).

Umsóknarfrestur er til og með 6. nóvember 2017. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir samkomulagi.

Laun eru skv. kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og Læknafélags Íslands.

Embætti landlæknis áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum. Öllum umsóknum verður svarað.



Embætti  
landlæknis  
Directorate of Health

Barónsstíg 47 • 101 Reykjavík • Sími 5101900 • Bréfasími 5101919 • [mottaka@landlaeknir.is](mailto:mottaka@landlaeknir.is) • [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)